

4. kafli – Tölur

| | | | | | | | | | | |
|----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
| núll | einn | tveir | þrír | fjórir | fimm | sex | sjö | átta | níu | tíu |
| | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | 19 | 20 |
| | ellefu | tólf | þrettán | fjórtán | fimmtán | sextán | sautján | átján | nítján | tuttugu |

Töluorð

Töluorðin *einn*, *tveir*, *þrír* og *fjórir* hafa kyn eins og lýsingarorðin. Önnur töluorð hafa ekki kyn. Kynið fer eftir nafnorðinu sem fylgir á eftir.

| karlkyn | kvenkyn | hvorugkyn |
|----------------|----------------|------------------|
| einn | ein | eitt |
| tveir | tvær | tvö |
| þrír | þrjár | þrjú |
| fjórir | fjórar | fjögur |
| fimm | fimm | fimm |
| sex | sex | sex |

karlkyn: **tveir** menn

kvenkyn: **tvær**
konur

hvorugkyn: **tvö** börn

Verkefni 4.1

Settu rétt töluorð í eyðurnar. Athugaðu að setja töluorðin 1-4 í rétt kyn.

Í skápnum eru:

_____ (3) bollar, _____ (2) glös, _____ (10)

grunnir diskar,

_____ (5) skálar, _____ (2) könnur og _____ (1)

gaffall.

hundrað – þúsund – milljón

Hundrað, þúsund og milljón eru nafnorð. Hundrað og þúsund eru hvorugkynsnafnorð, milljón er kvenkynsnafnorð. Þess vegna segjum við *eitt* hundrað, *eitt* þúsund og *ein* milljón.

| | | | | | |
|------------|--------------|-------------|-------------|-----------------|----------------|
| 100 | eitt hundrað | 1000 | eitt þúsund | 1000 000 | ein milljón |
| 200 | tvö hundruð | 2000 | tvö þúsund | 2000 000 | tvær milljónir |

Verkefni 4.2

Mannfjöldi á Íslandi árið 2014. Skrifaðu með bókstöfum.

Íslendingar eru

_____ (325.671)

Karlar eru

_____ (163.318)

Konur eru

_____ (162.353)

Samlagning og frádráttur

Tölur sem ekki vísa í nafnorð eru venjulega í karlkyni. Þegar við reiknum eru allar tölur í karlkyni.

Sigurður: Hvað eru 35 + (plús) 17 mikið?

Guðrún: Það eru 53, held ég.

Sigurður: Ertu alveg viss?

Guðrún: Nei, það eru 52.

Sigurður: Já, einmitt!

Guðrún: En hvað eru 76 – (mínus) 32?

Sigurður: Það eru 44, er það ekki?

Guðrún: Er það?

Sigurður: Já, það er víst rétt.

Verkefni 4.3

Skrifið tölurnar með bókstöfum

3 – 2 = 1 _____

$4 + 1 = 5$ _____

$11 + 3 = 14$ _____

$4 + 35 = 39$ _____

$8 + 3 = 11$ _____

$7 - 5 = 2$ _____

$10 - 4 = 6$ _____

$87 - 24 = 63$ _____

$6 + 3 = 9$ _____

$3 + 4 = 7$ _____

$17 + 2 = 19$ _____

$41 + 18 = 59$ _____

Íslenskir peningar

Seðlar



Mynt



10.000 kr. = tíu þúsund krónur

5.000 kr. = fimm þúsund krónur

1.000 kr. = (eitt) þúsund krónur

500 kr. = fimm hundruð krónur

100 kr. = (eitt) hundrað krónur

50 kr. = fimmtíu krónur

10 kr. = tíu krónur

5 kr. = fimm krónur

1 kr. = (ein) króna

Það má líka segja:

| Seðlar | Mynt |
|-----------------|-------------|
| tíuþúsundkall | hundraðkall |
| fimmþúsundkall | fimmtíukall |
| þúsundkall | tíkall |
| fimmhundruðkall | fimmkall |

Peningaupphæðir

Þegar peningaupphæðir eru skrifaðar með tölustöfum eru notaðir punktar til að ekki fari á milli mála hver upphæðin er. Punktur er á eftir þúsund.

11.572 = ellefu þúsund fimm hundruð sjötíu og tvær krónur

453 = fjögur hundruð fimmtíu og þrjár krónur

730 = sjö hundruð og þrjátíu krónur

Í matvöruverslun

Viðskiptavinur: Hvað er þetta mikið?

Afgreiðslukona: Þetta eru 3.572 kr.

Viðskiptavinur: Ég ætla borga með símanum.

Afgreiðslukona: Gjörðu svo vel! Viltu poka?

Viðskiptavinur: Nei takk, ég set þetta bara í töskuna.

Verkefni 4.4

1. Hvenær má ekki nota *-kall*? _____

2. Er *-kall* notað í talmáli eða ritmáli? _____

3. Skrifðu eftirfarandi upphæðir með bókstöfum:

15.700 _____

246 _____

63 _____

4 _____

2.514 _____

17 _____

4. Skrifðu eftirfarandi upphæðir með tölustöfum:

Tíu þúsund og fimmtíu krónur _____

Þrjú þúsund sex hundruð sjötíu og tvær krónur _____

Eitt hundrað tuttugu og tvær krónur _____

Sex hundruð og ellefu krónur _____

5. Hvað er langt til Akureyrar frá Reykjavík? Það eru (400 km) _____

6. Hvað er langt til Egilsstaða? (700 km) _____

7. Hvað er langt til Selfoss? (60 km) _____

8. Hvaða fólk er á 500 króna, 1.000 króna, 5.000 króna og 10.000 króna seðlunum?

Algengustu skammstafanir með tölum

| magn | þyngd | lengd | upphæðir |
|-----------------|-----------|-----------------|-------------|
| l = lítri | kg = kíló | km = kílómetri | kr. = króna |
| dl = desilítri | g = gramm | m = metri | |
| tsk. = teskeið | | cm = sentimetri | |
| msk. = matskeið | | mm = millimetri | |

Verkefni 4.5

Hvaða kyn hafa orðin? Hvernig eru þau í fleirtölu?

lítri _____

skeið _____

kíló _____

gramm _____

metri _____

króna _____

Uppskrift að kleinum

Innihald: 500 g hveiti, 125 g sykur, 2 tsk. lyftiduft, ½ tsk. hjartarsalt, 150 g smjör eða smjörlíki, lint, 2 egg, nokkrar steyttar kardimommur eða ½ tsk. kardimommudropar, 1 dl mjólk, eða eftir þörfum, palmín, tólg eða önnur feiti til steikingar



Aðferð

Allt nema mjólkinn sett í skál og hrært vel saman í hrærivél. Vætt í með mjólkinni þangað til deigið er hæfilega þykkt. Deigið hnoðað og flatt út. Skorið með kleinujárni í 3 cm breiðar ræmur, sem er skipt með skáskurðum í 6-8 cm lengjur.

Skurður gerður í hvern bít og kleinunum snúið við. Feitin hituð í 180 gráður og kleinurnar steiktar, þar til þær eru gullinbrúnar. Snúið við nokkrum sinnum. Færðar upp á eldhúspappír með gataspaða.

Aðlagað úr Matarást eftir Nönnu Rögnvaldardóttur

Verkefni 4.6

1. Skrifðu tölurnar og mælieiningarnar í kleinuuppskriftinni með bókstöfum.

_____ 500 g hveiti,
_____ 125 g sykur,
_____ 2 tsk. lyftiduft,
_____ ½ tsk. hjartarsalt,
_____ 150 g smjör,
_____ 2 egg,
_____ ½ tsk. kardimommudropar,
_____ 1 dl mjólk,

2. Skoðuðu textann þar sem aðferðinni við kleinubakstur er lýst. Hvaða orð vantar í textann? Af hverju er þessum orðum sleppt?

3. Hvert er form þessara sagna? Farðu á bin.arnastofnun.is og finndu nafnhátt þeirra: *sett, hrært, vætt, hnoðað, flatt, skorið, skipt, gerður, snúið við, hituð, steiktar, færðar.*

4. Búðu til setningar með undirstrikuðu sögnunum í textanum:

Ég set bollann á borðið. Ég hræri deigið.

Já, nei og jú

Fullyrðingum og spurningum er svarað með *já, nei* eða *jú* í íslensku.

A. Fullyrðingar

- Ef fullyrðingin er rétt er svarið *já*.
 - Kleinur eru steiktar í feiti. *Já, það er rétt.*
- Ef fullyrðingin er röng er svarið *nei*.
 - Kleinur eru bakaðar í ofni. *Nei, það er rangt.*

B. Fullyrðingar með neitun

- Ef fullyrðingin með neituninni er rétt er svarið *nei*.
 - Kleinur eru ekki bakaðar í ofni. *Nei, það er rétt.*
- Ef fullyrðingin með neituninni er röng er svarið *jú*.
 - Kleinur eru ekki steiktar í feiti. *Jú, víst.*

C. Já-/nei-spurningar

- Ef spurningin er rétt er svarið *já*.
 - Eru kleinur steiktar í feiti? *Já.*
- Ef spurningin er röng er svarið *nei*.
 - Eru kleinur bakaðar í ofni? *Nei.*

D. Já-/nei-spurningar með neitun

- Ef spurningin með neituninni er rétt er svarið *jú*.
 - Eru kleinur ekki steiktar í feiti? *Jú.*
- Ef spurningin með neituninni er röng er svarið *nei*.
 - Eru kleinur ekki bakaðar í ofni? *Nei.*

Þjóðsaga um kleinur

Sagan gerist í Þýskalandi á þýskum herragarði. Aðstoðarstrákur í eldhúsi missti bita af deigi ofan í pott með sjóðandi feiti. Bitinn sauð í feitinni og kokkurinn tók hann upp úr og smakkaði. Kokknum fannst bitinn góður og ákvað að steikja fleiri og gefa fína fólkinu með kaffinu. Þegar frúin spurði hann hvað þetta góðgæti héti sagði hann „*Eine kleine ...*“ (lítil) en sagði svo ekki meira því hann var ekki búinn að gefa bitanum nafn.

Nafnið er komið í íslensku á 19. öld úr dönsku, *klejne*, þegar Danir byrja að flytja inn mjöl og þá fara Íslendingar að baka kleinur og lummur. Kleinur eru steiktar um öll Norðurlönd; þær kallast *klenäter* á sænsku en *fattigmenn* á norsku. Þær eru líka búnar til í Rússlandi og heita þar *tsjvorost* og pólskar *faworki* eru líka svipaðar.

Áður voru kleinur steiktar í tólg hérlandis en nú er oftast notuð plöntufeiti. Feitin þarf að vera passlega heit; ef hún hitnar of mikið getur kviknað í henni og ef hún er ekki nógu heit sjúga kleinurnar í sig of mikla fitu. Feitin kólnar þegar margar kleinur eru settar út í feitina í einu. Kleinurnar eru fullsteiktar þegar þær eru gullinbrúnar og þær dökkna svolítið þegar þær kólna. Kleinur eru orkuríkur matur af því að þær drekka í sig feiti við steikinguna. Þær eru langbestar nýsteiktar eins

og flest djúpsteikt bakkelsi. Kleinur eru oftast bragðbættar með kardimommum en það má líka bragðbæta með koníaki eða brennivíni.

Textinn er aðlagður úr Matarást eftir Nönnu Rögnvaldardóttur

Verkefni 4.7

Svarið eftirfarandi fullyrðingum með *já*, *nei* eða *jú*.

Urðu kleinur upphaflega til fyrir slysi? *Já*

Missti strákurinn ekki deig ofan í pott með sjóðandi feiti? _____

Steikti kokkurinn fleiri bita af því að honum fannst bitinn góður? _____

Kokkurinn var ekki búinn að finna nafn á kleinuna þegar frúin spurði hann hvað þetta góðgæti hét. _____

Er nafnið *kleina* ekki komið í íslensku á 19. öld úr danska orðinu *klejne*? _____

Kleinur eru steiktar um öll Norðurlönd. _____

Kleinur eru ekki búnar til í Rússlandi og Póllandi. _____

Ef feitin er ekki nógu heit sjúga kleinurnar í sig of mikla fitu. _____

Það er gott að setja margar kleinur út í feitinu í einu. _____

Kleinur eru fullsteiktar þegar þær eru gullinbrúnar. _____

Dökkna þær ekki svolítið þegar þær kólna? _____

Kleinur eru langbestar nýsteiktar eins og flest djúpsteikt bakkelsi. _____

Kleinur eru oftast bragðbættar með kardimommum. _____

Má ekki nota ýmislegt annað en kardimommur til að bragðbæta kleinur? _____